

291. fundur Skólanefndar FS

9. september 2008



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Albert Albertsson, Ólöf Bolladóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúinn Ægir Karl Ægisson, Kristján Ásmundsson aðstoðarskólameistari og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf haustannar.
 2. Starfsmannaráðningar.
 3. Staða verkefna.
 4. Önnur mál.

1. Upphaf haustannar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar en kennsla hófst 22. ágúst. Nemendur í dagskóla eru 1019 en þar af eru 255 nýnemar. Auk þess eru 156 nemendur í Kvöldskóla og 183 grunnskólanemendur taka áfanga hér. Einnig rætt um skólaakstur.

2. Starfsmannaráðningar.

Skólameistari sagði frá breytingum á starfsliði skólans en m.a. er verið að bæta við námsráðgjafa, stuðningsfulltrúum og í tölvuaðstoð. Skólameistari ræddi einnig um nýjan kjarasamning kennara og breytingar sem fylgja nýjum lögum um framhaldsskóla.

3. Staða verkefna.


Skólameistari sagði frá framkvæmdum við skólahúsnæðið og lóð. Hann sagði einnig frá vetnisverkefni. Skólameistari sagði síðan frá stöðu mála varðandi raungreinabúðir og fisktækniskóla. Hann ætlar að sinna þessum tveimur verkefnum næstu mánuði en á meðan mun aðstoðarskólameistari að mestu sjá um stjórnun skólans. Skólanefndarmenn samþykktu þetta fyrirkomulag samhljóða.

4. Önnur mál.

a) Formaður lagði til að næsti fundur skólanefndar verði þriðjudaginn 28. október og var það samþykkt.

b) Albert spurði hvort forsvarsmenn væntanlegs álvers hafi leitað til skólans. Skólameistari sagði svo vera en ætlunin er að auglýsa sérstaklega nám í málmsmíði fyrir fullorðna og endurnýja búnað og aðstöðu í skólanum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristbjörnsson,
fundarritari